



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023
Garðyrkjuskólinn Reykjum

SKÓG3VV02 Viðarvinnsla

Kennari: **Björgvin Örn Eggertsson** boe@fsu.is

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
SKÓG3VV02 – Viðarvinnsla	2 fein	3
Lýsing Fjallað er um nýtingu íslenskra nytjaskógviða og möguleika í þeirri grein. Skoðaðir eru helstu aðilar sem nýta íslenskar viðarafurðir og fjallað um hagkvæmni viðarvinnslunar, unnar afurðir og markaði. Birking, stauragerð, fletting og kurlun eru kennd í verklegum æfingum. Einnig er farið í helstu leiðir til þurrkunar nytjaviða. Fjallað er um uppbyggingu trjáviðar, viðareiginleika og trjávið mismunandi trjátegunna.		
Forkröfur GRÓÐ2TR03 (Tré og runnar), SKÓG3NÝ04 (Nýrækt skóga)		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">Nýtingu íslenskra nytjaskógviða og notkunarmöguleika þeirra.Vinnslu helstu nytjaskógviða hérlendis og hagkvæmni hennar.Helstu afurðum íslenskra skóga nú og til framtíðar.Helstu aðferðum við vinnslu trjáviðar.Aðferðum við þurrkun trjáviðar.Ólíka uppbyggingu og eiginleika mismunandi trjáviðar.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">Gera sér grein fyrir nýtingarmöguleikum og núverandi nytjar skógarviðar úr skógum landsins, út frá hagkvæmni nýtingarinnar, sem metið er með rökstuðningi.Bera saman aðferðir til þurrkunar og vinnslu trjáviðar sem metið er með rökstuðningi.Vinna trjávið til ýmiss konar nota sem metið er með verklegri færni.	
Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">Skoða nýtingu íslenskra nytjaskógviða og velta fyrir sér notkunarmöguleikum og hagkvæmni.Birkja trjáboli, útbúa staura, fletta trjáboli, og kurla trjávið.		

<ul style="list-style-type: none"> • Beita mismunandi aðferðum við þurrkun trjáviðar. • Þekkja helstu viðargerðir úr íslenskum trjám. 	
<p>Námsmat Skýrsla og frammistaða í verklegum æfingum</p>	
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara) Kennsla fer að stórum hluta fram með verklegum æfingum.</p>	
<p>Tenging við grunnþætti Læsi – nemendur læra að lesa í efnivið og meta hvornig best er að nýta hann. Sjálfbærni – nemendur verða færir um að nýta sér hráefni skógarins á skynsamlegan hátt. Sköpun – við úrvinnslu viðar fær sköpunargleðin að njóta sín.</p>	
<p>Dags.: Höfundar: Úlfur Óskarsson og Guðríður Helgadóttir</p>	

Námsefni:

- Ljósrit og annað efni frá kennara.
- Efni á netinu.

Tímar	Efni	Kennarar
7. sept. 12 ⁴⁵ -14 ¹⁰	Fyrirlestrar frá Óla 2	Ólafur Eggertsson
14. sept. 12 ⁴⁵ -14 ¹⁰	Fyrirlestrar frá Óla 2	Ólafur Eggertsson
21. sept. 12 ⁴⁵ -14 ¹⁰	Fyrirlestrar frá Óla 2	Ólafur Eggertsson
28. sept. 9 ⁰⁰ -15 ⁴⁵	Fyrirlestrar frá Óla 2 Viðarfræði – verklegt Reykjum 6 Kurlun á Reykjum í framhaldinu?	Ólafur Eggertsson Pröstur
5. okt. 12 ⁴⁵ -14 ¹⁰	Tímar settir upp í ferð um Suðurland 2	Björgvin Eggertsson
12. okt. 12 ⁴⁵ -14 ¹⁰	Fyrirlestrar frá BE 2 Eldivið	Björgvin Eggertsson
19. okt. 12 ⁴⁵ -14 ¹⁰	Fyrirlestrar frá BE	Björgvin Eggertsson
31. okt. 9 ⁰⁰ -15 ⁴⁵	Viðarvinnsla – Snæfoksstaðir 8	Björgvin Eggertsson
xx. nóv. 09 - 16	Ferð um Suðurland og stutt kynning nemenda 8	Björgvin Eggertsson

Verkefni

Nemendur setja saman skýrslu um helstu aðila sem stunda viðarvinnslu hér á landi ofl. Setja saman stutta kynningu með PowerPoint forriti og kynna.

Námsmat

Skýrsla um ferð um Suðurland, skýrsla um viðarvinnslu og frammistaða í verklegum æfingu,.

Athugið að kennsluáætlun getur tekið breytingum

Skipulag áfanga

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, verklegum æfingum og heimaverkefni.

Fyrirlestrar: Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, Innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

Verklegar æfingar: Verklegar æfingar verða í lotuvikum fyrir alla nemendur námskeiðsins (bæði staðar- og fjarnema). Athugið að mætingaskylda er hjá öllum nemendum í verklegar æfingar í lotuvikum.

Uptökur: Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Garðyrkjuskóla FSu, Reykjum, 17. ágúst 2023

Björgvin Örn Eggertsson